

GJALDSKRÁ

Geislavarna ríkisins fyrir árið 2004.

1. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna lögbundins eftirlits með geislatækjum og geislavirkum efnum í samræmi við 5. og 17. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

	kr.
1. <i>Röntgentæki:</i>	
a) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka	36.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.000
b) Föst röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – skygging	45.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	15.000
c) Tölvusneiðmyndataeki	60.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	36.000
d) Færanleg röntgentæki til sjúkdómsgreiningar – myndataka	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	9.000
e) Færanleg röntgentæki – til sjúkdómsgreiningar – skygging	36.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.000
f) Tannröntgentæki	18.000
fyrir hvert tæki til viðbótar	7.500
g) Iðnaðarröntgentæki	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar	15.000
h) Dýralækningaröntgentæki	30.000
fyrir hvert tæki til viðbótar	9.000
i) Öryggisröntgentæki	21.000
fyrir hvert tæki til viðbótar	9.000
j) Röntgentæki til efnarannsóknna	18.000
fyrir hvert tæki til viðbótar	6.000
2. <i>Geislalækningataeki</i>	42.000
fyrir hvert tæki til viðbótar á sömu deild	12.000
3. <i>Geislavirk efni, opnar geislalindir:</i>	
Rannsóknastofa í flokki A	48.000
Rannsóknastofa í flokki B	36.000
Rannsóknastofa í flokki C	24.000
4. <i>Geislavirk efni, lokaðar geislalindir:</i>	
Nifteindalindir	30.000
fyrir hverja lind til viðbótar hjá sama aðila	12.000
Aðrar lokaðar geislalindir	24.000
fyrir hverja eins lind til viðbótar:	
4 eða færri til viðbótar á sama stað	7.500
fyrir hverja lind umfram 5 á sama stað	6.000
5. <i>Eftirlit með geislaálagi starfsfólks:</i>	
Filmumælingar, fyrir hverja filmu	500

2. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald vegna mats á umsóknum um leyfi í samræmi við 7., 9. og 20. gr. laga nr. 44/2002 um geislavarnir. Gjaldið skal vera sem hér segir:

1. Vegna röntgentækja til sjúkdómsgreiningar:	kr.
a) Leyfi vegna nýrra tækja	7.500
b) Leyfi vegna breytinga á eldri búnaði	6.000
2. Vegna iðnaðar-, öryggis- og efnarannsóknataekja:	
Leyfi vegna nýrra tækja og vegna breytinga	6.000

3.	Vegna lokaðra geislalinda:	
a)	Nifteindalindir	9.000
b)	Aðrar geislalindir	7.500
4.	Vegna opinna geislalinda:	
a)	Ný starfsemi:	
i.	Flokkur A	12.000
ii.	Flokkur B	9.000
iii.	Flokkur C	6.000
b)	Árleg endurnýjun:	
i.	Flokkur A	6.500
ii.	Flokkur B	6.000
iii.	Flokkur C	4.500

3. gr.

Geislavarnir ríkisins annast innheimtu eftirlits- og leyfisgjalda. Eftirlitsgjöld, önnur en vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks, falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu eftirlitsskýrslu. Leyfisgjöld falla í gjalddaga 15. dag næsta mánaðar eftir útgáfu leyfis.

Eftirlitsgjöld vegna eftirlits með geislaálagi starfsfólks á árinu 2003 falla í gjalddaga 1. maí 2004.

4. gr.

Eigandi eða ábyrgðarmaður getur óskað eftir aukaeftirliti og skal þá greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

Þurfi Geislavarnir ríkisins að endurtaka eftirlit vegna athugasemda sem gerðar voru við reglubundið eftirlit skal greiða fyrir það sem um reglubundið eftirlit væri að ræða.

5. gr.

Geislavarnir ríkisins innheimta gjald sem nemur 6.000 kr./klst. fyrir veitta þjónustu og verkefni sem stofnuninni er falið að annast eða hún tekur að sér samkvæmt lögum og reglugerðum.

6. gr.

Eftirlits- og leyfisgjöld eru tryggð með lögveðsrétti í eftirlitsskyldum tækjum í 2 ár eftir gjalddaga.

7. gr.

Fyrir hverja mælingu á geislavirkni skal stofnunin innheimta gjald, allt að upphæð kr. 15.300. Fyrir hverja yfirlýsingu um geislavirkni sem stofnunin lætur í té, skal innheimta kr. 2.600.

8. gr.

Gjaldskrá þessi, sem sett er með heimild í 19. gr. laga nr. 44/2002 um Geislavarnir ríkisins, staðfestist hér með til þess að gilda á árinu 2004 og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 15. mars 2004.

Jón Kristjánsson.

Davíð Á. Gunnarsson.